

**Verkefni:** Stjórnarfundur Gíggunnar  
**Dagsetning fundar:** 14. september 2014  
**Tímasetning fundar:** kl. 19:00 - 19:55  
**Fundarstaður:** Símafundur

**Stjórnarmenn/fundarmenn:**

|                                |               |             |
|--------------------------------|---------------|-------------|
| Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK) | formaður      | Mætt        |
| Dagbjört Ottósdóttir (DO)      | varaformaður  | Fjarverandi |
| Steiney Halldórsdóttir (SH)    | ritari        | Mætt        |
| Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)     | gjaldkeri     | Fjarverandi |
| Ragnheiður Helgadóttir (RH)    | meðstjórnandi | Fjarverandi |
| Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)  | vefstjóri     | Mætt        |

**Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:****1. Aðalfundur 18. október kl. 14:00.**

AG ætlar að senda út fundarboð í tölvupósti. Það þarf að athuga hverjar verða áfram í stjórn og hverjar ætla að hætta. AG sendir út póst á stjórnarkonur um hugmyndir að fyrirlestri á aðalfundinum. ÞK ætlar að tala við Kolbrúnu og Önnu í varastjórn og athuga hvort þær ætli að halda áfram í varastjórn. AG sendir á stjórnir kóranna ósk um konur í stjórn.

**2. Tilnefningar til heiðursverðlauna Gíggunnar.**

AG ætlar að senda netpóst á stjórnir kóranna og óska eftir tilnefningum til heiðursverðlauna Gíggunnar.

**3. Styrkur úr tónverkasjóði.**

Kvennakór Hafnarfjarðar hefur sótt um styrk vegna afmælislags kórsins. Ákveðið var að bíða með ákvörðun þar til á næsta stjórnarfundum eða í netpósti hjá stjórninni.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:55.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir.